

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1975**  
**komudagur 18.3.2013**

**From:** Karl Axelsson [<mailto:kax@lex.is>]  
**Sent:** 18. mars 2013 15:50  
**To:** Benedikt S. Benediktsson  
**Subject:** Fwd: Til umsagnar - 634. mál frá atvinnuveganefnd Alþingis

Ég hef ekki tök á því að skila skriflegri umsögn innan þessara knöppu tímamarka en hef verulegar efnislegar athugasemdir við framkomið frumvarp sem af óskiljanlegum ástæðum er klætt í búning „samræmingarmáls“ en felur þvert á móti í sér grundvallarbreytingu á eignarréttarlegri stöðu grunnvatns- og grunnvatnsréttinda. Ekki fæst séð að nein útekt hafi verið gerð á þeim áhrifum frumvarpsins og augljósum árekstri við eignarréttarvernd 72. gr. stjkskr. Þá tel ég síður en svo að þessi breyting leiði til neinnar einföldunar á stjórnarsýslu vatnamála. Síðan er sérkennileg mótsögn falin í því að tala um samræmingu í lagaþróun með því að flytja grunnvatn úr auðlindalögum yfir í vatnalög en skilja jarðhitann þar eftir en jarðhiti er í eðli sínu ekkert annað en heitt grunnvatn!

Undirritaður minnir á aðkomu sína að kennslu, rannsóknnum, nefndarstörfum og frumvarpssmíði á þessu réttarsviði síðustu tvo áratugi. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er sérstaklega vísað til til almennra athugasemda við frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, sem varð að lögum á Alþingi í september 2011, og eftirfarandi tilvísun tekin upp: „*Að öllu framangreindu virtu er með frumvarpi þessu lagt til að búið verði við vatnalögin frá 1923 og það fyrirkomulag sem sú löggjöf grundvallar um vatnsnot, rétt fasteignareiganda til vatns o.s.frv. Um þá skipan ætti að geta orðið áframhaldandi sátt en þá raunar undir því fororði að til smíði nýrrar, heildstæðrar vatnalöggjafar komi í fyllingu tímans. Unnið er að yfirferð annarrar löggjafar á þessu sviði, svo sem laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með það fyrir augum að samræma réttarreglur á þessu sviði í þeim anda sem lagt er til með frumvarpi þessu. Endurskoðun laganna til framtíðar litið yrði þá hluti af nýsmíði við lagasetningu á vettvangi auðlindaréttar.*“ Undirrituðum er málið skylt enda tók hann virkan þátt í þeirri endurskoðun vatnalaga sem birtist í tilvitnuðum lögum nr. 132/2011 ásamt lögfræðingunum Ástráði Haraldssyni, Dýrleifu Kristjánsdóttur, Guðjóni Axel Guðjónssyni og Ingvar Má Pálssyni. Ég leyfi mér að fullyrða að sá tilflutningur grunnvatns eins úr auðlindalögum yfir í vatnalög sem frumvarpið áformar á ekkert skylt við þær hugmyndir um heildstæða og samræmda vatnalöggjöf sem vísað er til í frumvarpi okkar að breyttum vatnalögum sem öðlaðist gildi í formi laga nr. 132/2011 og hér eru tekinn orðrétt upp.

Gefist lengri frestur er ég reiðubúinn til þess að skoða málið nánar og skila eftir atvikum skriflegri umsögn um það.

Kveðja,

Karl Axelsson hrl. og dósent HÍ  
Supreme Court Attorney/Partner/Associate Professor University of Iceland.